

Skáksamband Íslands

Ársreikningur 2025

Skáksamband Íslands
Pósthólf 83534
128 Reykjavík
Kt. 580269-5409

Efnisyfirlit

	Bls.		Bls.
Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra	3	Rekstrarreikningur	7
Áritun óháðs endurskoðanda	4	Efnahagsreikningur	8
Áritun skoðunarmanna	6	Sjóðstreymisyfirlit	9
		Skýringar	10

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Gunnar Björnsson
Kt. 2309673939
Dags. 28.5.2026 11:32:10
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Harald Björnsson
Kt. 2410842139
Dags. 28.5.2026 11:32:30
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Auðbergur Mór Magnússon
Kt. 2312634549
Dags. 28.5.2026 11:56:45
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Daði Ómarsson
Kt. 1405913009
Dags. 28.5.2026 11:35:39
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Davíð Stefánsson
Kt. 0610803419
Dags. 28.5.2026 12:43:06
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Jóhanna Björg Jóhannsdóttir
Kt. 2402932699
Dags. 28.5.2026 11:36:48
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAD
Unnar Rafn Ingvarsson
Kt. 1209683519
Dags. 28.5.2026 12:53:45
Ástæða: Undirritun

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Skáksambandsins fyrir árið 2025 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Hagnaður varð af rekstri sambandsins á árinu 1,8 millj. kr. Heildareignir í árslok 2025 námu 90,5 millj. kr. og eigið fé nam 78,7 millj. kr. á sama tíma. Hagnaður er færður til hækkunar á eigin fé samanber skýringar með ársreikningi. Endurmat fasteignar nam 3,8 millj. kr. á árinu.

Á árinu störfuðu 1,75 starfsmenn hjá sambandinu, miðað við heil stöðugildi.

Stjórn og framkvæmdastjóri Skáksambands Íslands staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2025 með undirritun sinni.

Reykjavík,

Stjórn:

Framkvæmdastjóri:

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar Skáksambands Íslands

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skáksambands Íslands („sambandsins“) fyrir árið 2025. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2025 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

Áritun endurskoðanda, frh.:

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert sambandið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 29.5.2026

KA endurskoðun sf.

Áritun kjörinna skoðunarmanna:

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga **Skáksambands Íslands** höfum yfirfarið ársreikning sambandsins fyrir árið 2025. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórn og stjórnendum sambandsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag sambandsins fyrir árið 2025. Við leggjum því til að ársreikningurinn verði samþykktur.

Reykjavík, 26. maí 2026

Heiðar Ásberg Atlason

Þorsteinn Stefánsson

Rekstrarreikningur ársins 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur:			
Styrkir, mótsgjöld, félagsgjöld og aðrar tekjur	8	103.865.978	71.925.293
Vaxtatekjur og gengishagnaður		152.077	141.562
		<u>104.018.055</u>	<u>72.066.855</u>
Rekstrargjöld:			
Kostnaður við keppnismót og kennslu	8	64.471.311	35.303.487
Laun og launatengd gjöld	2	26.391.727	25.181.200
Rekstur húsnæðis	3	3.280.242	2.964.555
Annar rekstrarkostnaður	4	7.175.628	8.518.473
Afskriftir	5	453.873	93.239
Vaxtagjöld, bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur		454.584	355.472
		<u>102.227.364</u>	<u>72.416.426</u>
Hagnaður (tap) ársins	6	<u>1.790.691</u>	<u>(349.571)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	31.12.2025	31.12.2024
Langtímaeignir			
Fasteign		80.850.000	77.050.000
Áhöld og tæki		1.815.490	372.958
	1,5	<u>82.665.490</u>	<u>77.422.958</u>
Veltufjármunir			
Vörubirgðir	1	200.000	200.000
Skammtímafröfur		0	587.285
Fyrirfram greiddur kostnaður		39.283	42.356
Handbært fé		7.558.974	4.635.020
		<u>7.798.257</u>	<u>5.464.661</u>
Eignir samtals		<u>90.463.747</u>	<u>82.887.619</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Uppsafnaður hagnaður og endurmat fasteignar		78.736.251	73.145.560
Eigið fé samtals	6	<u>78.736.251</u>	<u>73.145.560</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		2.517.675	1.137.770
Fyrirfram innheimtar tekjur	7	4.000.000	7.263.000
Aðrar skammtímaskuldir		5.209.822	1.341.289
		<u>11.727.497</u>	<u>9.742.059</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>90.463.747</u>	<u>82.887.619</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

a. Almennar upplýsingar

Skáksamband Íslands er landsamband íslenskra skákfélaga. Samkvæmt lögum sambandsins eru markmið þess:

- I. Að vera samtakaheild og yfirstjórn allra skákfélaga á Íslandi.
- II. Að efla íslenska skáklist og standa vörð um hagsmni íslenskra
- III. Að efla og treysta samskipti sambandsfélaganna innbyrðis.
- IV. Að greiða fyrir samskiptum við skákmenn annarra þjóða.

Hluti af rekstri skáksambandsins er rekstur Skákskóla Íslands en hann er rekinn í samvinnu við Mennta- og menningarmálaráðuneytið skv. lögum nr. 76/1990.

b. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur með þeirri undantekningu að fasteign félagsins er ekki afskrifuð með kerfisbundnum. Bókfært verð fasteignar eru uppfært í lok hvers árs í samræmi við breytingar á fasteignamati. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreglu fyrir utan endurmat fasteignar sem getið er um hér að framan.

c. Breytingar á reikningsskilum frá fyrra ári.

Sú breyting hefur verið gerð á reikningsskilum sambandsins að ársreikningur Skákskóla Íslands er nú hluti af ársreikningi sambandsins. Áður var gerður sérstakur ársreikningur fyrir Skákskólann. Samanburðartölum fyrir árið 2024 hefur verið breytt til samræmis og sýna þær samanlagðan rekstur, efnahag og sjóðstreymi sambandsins og skólans.

d. Tekjur

Tekjur eru færðar þegar skilyrði fyrir framlögum hafa verið uppfyllt og þjónusta hefur verið innt af hendi. Í þeim tilfellum sem styrkir eru eyrnamerkir ákveðnum viðburðum eru þeir ekki tekjufærðir fyrr en viðkomandi atburður hefur farið fram.

e. Kostnaður

Allur kostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til, óháð greiðslu.

f. Skattar

Skáksamband Íslands og Skákskóli Íslands eru almenn félög og undanþegin tekjuskatti. Jafnframt teljast þau almannaheillafélög og eru því undanþegin greiðslu fjármagnstekjuskatts af vaxtatekjum.

g. Vextir

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaprósentu.

h. Rekstrarfjármunir

Aðrir rekstrarfjármunir en fasteignir, eru færðir á afskrifuðu kostnaðarverði.

i. Vörubirgðir

Vörubirgðir eru vörur til endursölu, aðallega skákbörð og skáklukkur. Vörubirgðir eru færðar á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna úreltra og ónýtra vara.

j. Kröfur

Kröfur eru aðallega útistandandi tekjur og eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu vegna krafna sem talið er að muni ekki innheimtast.

k. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af lausum bankainnstæðum hjá innlánsstofnunum.

Skýringar, frh.:

2. Laun og launatengd gjöld

	2025	2024
Laun og launatengd gjöld greinast þannig:		
Laun	22.012.794	19.732.326
Annar starfsmannakostnaður	5.098.933	6.168.874
Vinnuframlag vegna Skák.is flutt á annan rekstrarkostnað	(720.000)	(720.000)
	26.391.727	25.181.200

3. Rekstur húsnæðis

	2025	2024
Fasteignagjöld og lóðarleiga	1.437.150	1.301.993
Ræsting	782.477	728.940
Rekstur sameignar	503.005	431.040
Rafmagn, hiti, fráveita	377.419	345.027
Viðhald á fasteign	91.685	59.174
Vátryggingar	88.506	98.381
	3.280.242	2.964.555

4. Annar rekstrarkostnaður

	2025	2024
Endurskoðun og reikningsskil	1.547.932	1.204.668
Pappír, prentun, ritföng og tímarit	1.345.038	2.087.298
Skák.is heimasíða og fréttabréf	721.920	1.129.000
Rekstur tölvukerfis	1.056.716	859.149
Akstur	202.210	148.600
Funda- og viðskiptakostnaður	364.637	192.344
Sími	544.407	499.272
Gjaldfærð áhöld, tæki og hugbúnaður	222.238	333.529
Erlent skáksamstarf	460.001	212.604
Auglýsingar	75.970	166.061
Ferðakostnaður	102.984	88.117
Risna	92.810	67.050
Gjafir og styrkir	262.220	50.965
Rekstur skrifstofutækja	97.064	41.590
Annar kostnaður	79.480	60.823
	7.175.628	7.141.070

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteign	Innréttingar og tæki	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	77.050.000	372.958	77.422.958
Endurmat ársins	3.800.000	0	3.800.000
Keypt á árinu	0	1.896.405	1.896.405
Afskrifað á árinu	0	(453.873)	(453.873)
Bókfært verð í árslok	80.850.000	1.815.490	82.665.490

Skýringar, frh.:

6. Eigið fé

Yfirlit um hreyfingar á eiginfjárreikningi:

Staða í ársbyrjun	73.119.284
Eigið fé Skákskóla Íslands, fært inn við sameiningu	26.276
Endurmat fasteignar	3.800.000
Hagnaður ársins	1.790.691
Eigið fé í árslok	<u>78.736.251</u>

7. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirfram innheimtar tekjur eru færðar vegna móttækinnna framlaga til ákveðinna verkefna sem ekki hafa komið til framkvæmda í lok árs. Þær greinast þannig:

	31.12.2025	31.12.2024
Sigtryggssjóður, styrkur	4.000.000	4.000.000
Ríkissjóður, framlag vegna 2025, móttekið 2024	0	3.263.000
	<u>4.000.000</u>	<u>7.263.000</u>

8. Sundurliðanir

Tekjur og gjöld af einstökum viðburðum og verkefnum greinast þannig árið 2025:

	Tekjur	Gjöld	Mismunur
Tekjur af fjárlögum samkvæmt samningi	39.150.000	0	39.150.000
Reykjavíkurskáknot	20.693.890	16.768.267	3.925.623
Heims- og Evrópumót	10.380.342	12.890.951	(2.510.609)
Norðurlandamót	8.520.272	11.277.167	(2.756.895)
Afmælishátíð	7.874.000	9.093.285	(1.219.285)
Vörusala	3.894.076	2.909.099	984.977
Kennsla og námskeið	3.747.296	1.607.253	2.140.043
Íslandsmót skákfélaga	2.710.571	2.230.302	480.269
Önnur Íslandsmót	2.311.604	3.709.592	(1.397.988)
Aðildargjöld	1.284.000	0	1.284.000
Styrkur frá Reykjavíkurborg	1.437.150	0	1.437.150
Tímaritið Skák	1.412.777	1.831.500	(418.723)
Styrkir til skákmanna og aðrir viðburðir	450.000	2.153.895	(1.703.895)
	<u>103.865.978</u>	<u>64.471.311</u>	<u>39.394.667</u>

9. Önnur mál

Árið 2025 var stofnaður Skáksjóður Helga Árnasonar með framlagi að fjárhæð 5,0 millj. kr. frá Hringfaranum styrktarjói ehf. Tilgangur sjóðsins er að styðja við skákiðkun barna og unglunga. Fjármunir sjóðsins eru geymdir á bankareikningi sem er á kennitölu Skáksambands Íslands, en stjórn sjóðsins skipa fimm menn, þar af tveir frá Skáksambandi Íslands. Stjórn tekur ákvarðanir um úthlutanir en samkvæmt samþykktum sjóðsins skulu styrkir aðeins veittir til þeirra sem eiga aðild að Skáksambandi Íslands.

Í reikningsskilum Skáksambandsins eru framlög úr sjóðnum færð til tekna hjá sambandinu við úthlutun og á móti til gjalda til styrkþega. Eignir sjóðsins eru ekki færðar í fnahag Skáksambandsins. Á árinu 2025 voru veittir þrjú styrkir, samtals að fjárhæð 450 þús. krónur og eru þeir færðir til tekna og gjalda eins og að framan greinir. Í árslok 2025 námu eignir sjóðsins 4.766.032 kr.